

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, PHB, JBjart, BÁ, SKK).

1. Við 2. gr. Efnismálgrein b-liðar orðist svo:

Nú er rökstuddur grunur um að til hjúskapar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir hann þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef rökstuddur grunur er um að ekki hafi verið stofnað til hjúskapar með vilja beggja hjóna.

2. Við 7. gr.

a. Við bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: Orðin „eftir því sem við á“ í 3. mgr. falla brott.

b. Efnismálsliður a-liðar orðist svo: Sama gildir ef rökstuddur grunur leikur á að til hjúskapar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis eða ekki með vilja beggja, sbr. 3. mgr. 13. gr.

c. B-liður orðist svo: Við greinina bætist tvær nýjar málgreinar, svohljóðandi:

Leit skal ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana eða brún hætta sé á að bið eftir úrskurði dómara valdi sakarspjöllum.

Við ákvörðun um veitingu dvalarleyfis hefur Útlendingastofnun heimild til að fara fram á að umsækjandi um dvalarleyfi skv. 1. mgr. 13. gr. eða ættmenni hans gangist undir rannsókn á erfðæfni og töku lífsýnis í því skyni, til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða skv. 2. mgr. 13. gr., ef fyrirleggjandi gögn í því efni eru ekki talin veita fullnægjandi sönnun um skyldleikann.